



Vottanir á Noona

Last Modified on 23/06/2026 2:14 pm BST



Núna geta þjónustuveitendur sem nota Noona sótt um vottun hjá viðeigandi fagfélögum. Þetta framtak miðar að því að tryggja að neytendur geti auðveldlega borið kennsl á vottaða fagaðila, eins og hársnyrta, snyrtifræðinga, fótaaðgerðafraeðinga og fleiri.



Afhverju erum við að ráðast í þessar breytingar?

Fagaðilar í þjónustugreinum hafa lengi lýst yfir þörf fyrir því að aðgreina sig frá ólærðum þjónustuveitendum á Noona markaðstorginu. Þessi uppfærsla mun varpa ljósi á vottaða fagaðila og hjálpa neytendum að taka upplýstar ákvarðanir þegar þeir leita sér að þjónustu á markaðstorginu.



Verified master

This staff member is a master hairdresser

Hvernig virkar þetta?

- Starfsmenn í ákveðnum iðngreinum, eins og t.d. snyrtifræði, hársnyrtiiðn og fótaaðgerðafræði geta núna sótt um vottun á Noona hjá sínu fagfélagi í gegnum Noona HQ.
- Vottaðir þjónustuveitendur fá sýnilegt merki um vottun við hliðina á nafninu sínu og prófílmmyndinni sinni á markaðstorginu.
- Neytendur sem nota Noona markaðstorgið geta með auðveldum hætti séð réttindi þeirra fagaðila sem þeir hyggjast bóka þjónustu hjá.
- Einnig geta nemar fengið sérstakt merki.

Hvar sækji ég um vottun?

Ef þú ert vottaður fagaðili og vilt sækja um staðfestingu á viðeigandi starfsheiti á Noona, þá þarftu einfaldlega að fara inn á þinn **Noona HQ aðgang** → **Stillingar** → **Almennt**

Þar getur þú sent inn formlega umsókn um vottun, hér að neðan geturðu séð hvaða upplýsingar þurfa að fylgja með sem sönnun um vottun.

Sæktu um vottun á Noona

Sendu inn starfsréttindin þín til að fá merki um vottun á markaðstorgi Noona. Það auðveldar viðskiptavinum að bera kennsl á vottaða fagaðila.

Sæktu um vottun til að auka traust

Sækja um vottun

! Mikilvægt er að viðkomandi sem ætlar að sækja um vottun sé inn á sínum eigin Noona HQ aðgangi og sækji um þar í gegn en ekki inn á stofuaðgangnum.

Fótaaðgerðafræði

Fótaaðgerðafræðingar þurfa að senda inn viðhengi með mynd af s tarfsleyfi sínu sem fótaaðgerðafræðingur frá landlækni. Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga (FÍF) sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.

- Hársnyrtiðn

Hægt er að sækja um vottun sem meistari, sveinn eða nemi. Félag hársnyrtimeistara og sveina (FHMS) sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.

Meistarar og sveinar

Til þess að sækja um vottun fyrir meistara eða sveina þá þarf að láta fylgja með mynd af meistara- eða sveinsbréfi.

Nemar

Til þess að sækja um merki fyrir nema þá þaf að láta fylgja með mynd af ferilbók til staðfestingar.

- Snyrtifræði

Hægt er að sækja um vottun sem meistari, sveinn eða nemi. Félag íslenskra snyrtifræðinga (FÍS) sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.

Meistarar og sveinar

Til þess að sækja um vottun fyrir meistara eða sveina þá þarf að láta fylgja með mynd af meistara- eða sveinsbréfi.

Nemar

Til þess að sækja um merki fyrir nema þá þaf að láta fylgja með mynd af ferilbók til staðfestingar.

- Sjúkranuddarar

Faglærðir sjúkranuddarar þurfa að senda inn viðhengi með mynd af starfsleyfi sínu sem sjúkranuddari frá landlækni. Sjúkranuddarafélag Íslands sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.

- Heilsunuddarar

Faglærðir heilsunuddarar þurfa að senda inn viðhengi með mynd af prófskírteini sínu sem heilsunuddarar. Félag íslenskra heilsunuddara sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.

- Kírópraktorar

Faglærðir kírópraktorar þurfa að senda inn viðhengi með mynd af starfsleyfi sínu sem kírópraktor frá landlækni. Kírópraktorafélag Íslands sér síðan um að fara yfir umsóknirnar.



Ath. þú þarft ekki að vera meðlimur í viðkomandi fagfélagi til þess að geta sótt um vottun.

Hvernig virkar þetta eiginlega?

Þetta framtak er gert í samstarfi við hagsmunafélög hvernar iðngreinar fyrir sig. Þegar fagaðili hefur sent inn beiðni um vottun, þá fær viðeigandi hagsmunafélag meldingu um að fagaðili sé að sækja um vottun. Einungis stjórnarmenn hagsmunafélaga hvernar iðngreinar fyrir sig geta samþykkt eða hafnað vottun á sínum meðlimum á Noona markaðstorginu. Vert er að taka fram að afgreiðsla á beiðni um vottun getur tekið allt að 72 tíma.

Dæmi:

Þegar snyrtifræðingur sækir um vottunina, þá fær Félag íslenskra Snyrtifræðinga rafræna beiðni um að samþykkja vottunina. Aðili í stjórn FÍSF mun þá taka við rafrænu beiðninni og afgreiða hana eins fljótt og hægt er.

Ekki hika við að hafa samband við okkur á spjallinu ef að eitthverjar spurningar vakna ♥
